

Tillaga að lagabreytingu til að bera upp á aðalfundi 2024

7. gr. Faghópar

Innan Leiðsagnar starfa faghópar fyrir leiðsögumenn sem taka mið af tegund leiðsagnar eða öðru sem nánar er tiltekið í reglum um faghópa. Félagsmenn velja sér faghóp við inngöngu í félagið.

Eftirfarandi faghópar eru að störfum hjá Félagi leiðsögumanna:

- I. Faghópur fyrir almenna leiðsögn og gönguleiðsögn fyrir leiðsögumenn sem útskrifast hafa úr leiðsöguskólum sem uppfylla viðmið Evrópustaðalsins: IST EN 15565:2008. Faghópur I sér um úthlutun skjaldar félagsins;
- II. Faghópur fyrir afþreyingarleiðsögn fyrir leiðsögumenn sem lokið hafa námi/námskeiðum í tilteknum greinum leiðsagnar, s.s. jöklaleiðsögn, flúðasiglingaleiðsögn, hestaleiðsögn, hellaskoðun, köfun o.fl.;
- III. Faghópur fyrir sérfræðileiðsögn fyrir leiðsögumenn með ákveðna sérmenntun og/eða áhugasvið s.s. hvalaskoðun, fuglaskoðun, safnaleiðsögn, leiðsögn á söguslóðum o.fl.;
- IV. Faghópur fyrir aðra leiðsögumenn sem ekki tilheyra faghópum I-III.

Hlutverk faghópa félagsins er að vera samstarfsvettvangur mismunandi hópa innan félagsins. Faghópunum er ætlað að standa vörð um sína sérhagsmuni og efla meðlimi sína í starfi. Efling menntunar og menntunarmöguleika leiðsögumanna er viðfangsefni faghópa, eftir því sem við á.

Faghópar kjósa sér stjórn sem skipuleggur starfsemi þeirra og kemur fram fyrir þá gagnvart stjórn félagsins.

Stjórn félagsins setur reglur um faghópana og skulu þeir njóta þjónustu félagsins vegna starfsemi sinnar eftir því sem nánar er ákveðið í reglum um þá.

Lagabreyting þessi tekur gildi þegar stjórn hefur sett faghópunum reglur.

Var áður :

7. gr. Faghópar

Innan Leiðsagnar starfa faghópar fyrir leiðsögumenn með nánar tiltekna menntun í leiðsögn, störf við tiltekna tegund leiðsagnar, sérstök starfsréttindi eða annað það sem nánar er tiltekið í reglum um faghópa. Aðild að félaginu getur falið í sér rétt til aðildar að einum eða fleiri faghópum og skal umsókn um aðild beint til viðkomandi faghóps. Hver faghópur setur sér reglur um aðild og starfshætti sem stjórn Leiðsagnar staðfestir.

Stjórn félagsins setur reglur um faghópa félagsins og skulu þeir njóta þjónustu félagsins vegna starfsemi sinnar eftir því sem nánar er ákveðið í reglum um þá. Faghóp skal stofna óski að

lágmarki 10 félagsmenn þess. Að fengnu samþykki skal skrifstofa félagsins sjá um boðun stofnfundar þar sem leggja skal fram og samþykkja verksvið hópsins, markmið og áætlun.

Faghóparnir skulu vera samstarfsvettvangur fyrir þau sem í þeim eru og gæta sérhagsmuna þeirra. Þeir kjósa sér stjórn sem skipuleggur starfsemi þeirra og kemur fram fyrir þá gagnvart stjórn félagsins.

Rökstuðningur

Mikil óvissa hefur skapast vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á lögum félagsins undanfarin ár og þá sér í lagi 7. grein sem í dag kallast Faghópar en hét áður Fagdeild og sérdeildir. Enginn faghópur hefur verið stofnaður frá því breytingin var gerð vorið 2022. Til að gera hópana áþreifanlegri og fýsilegri telur undirrituð nauðsynlegt að skilgreina nánar verkefni þeirra í takt við störf og menntun þeirra leiðsögumanna sem skráðir eru í félagið.

Reykjavík 19. mars 2024

Virðingarfyllt,

Sigrún H Pálsdóttir

S. 866 9376

Netfang: sigrunhpalsdottir@gmail.com